

syngja um eitthvað sem væri klúrt og tvírátt.“

Stefán grípur fram í. „Við skulum orða það svo, að lagið „Sódoma“ var aldrei inn í myndinni. Né nokkurt lag af Þessi þungu högg (hlær).“

Sálin hans Jóns míns hóf starfssemi á sínum tíma í heiðurskyni við sálartónlist, eins og heyra má á fyrstu skífu sveitarinnar, Syngjandi sveittir. Þá var liðsskipan nokkuð önnur, einu meðlimirnir þá sem enn eru Sálverjar eru þeir Stefán og Guðmundur. Stefáni „leið bærilega“ á skífunni eins og hann tilkynnti um í laginu „Á tjá og tundi“ og menn renndu sér í gegnum staðalnúmer eins og „When a Man loves a Woman“ og „Everybody needs Somebody to Love“. Segja má því að Sálin hafi að einhverju leyti verið að fara aftur í ræturnar í þessu nýjasta verkefni sínu. Stefán hefur auk þess troðið upp við og við sem söngvari sveitarinnar Straumar og Stefán, sálartónlistarsveitar sem hann og Jón Ólafsson reka. Þannig að gospelið hefur aldrei verið langt undan, þannig séð.

„Jú, jú ... þetta var á margan hátt „eðlilegt“ fyrir okkur,“ segir Stefán. „Okkar rætur eru í „soul“-tónlistinni og sú taug hefur alla tíð verið sterk í okkur. Þannig að það er ekki spurning um að okkur fannst þetta mjög víðeigandi. Þetta var næsta póstnúmer við.“

„Á grensunni“

Gospelkórinn syngur í nær öllum tilfellum trúarlega tónlist, og í mörgum tilfellum hafa þau hafnað tilboðum um samstarf við poppara. En tækifæri til að vinna með Sálinni var dálítið annað, einstakt tækifæri að sögn Óskars.

„Sumir kórfélagar neituðu að taka þátt, fannst þetta ekki sérstaklega spennandi og völdu því að sitja hjá. Af ákveðnu prinsippi þá, og ég virði það.“

Þau lög og textar Sálarinnar sem valin voru á tónleikana (t.d. „Þú fullkomnar mig“, „Ekki nema von“ og „Upplifun“) falla vel að gospelhugmyndinni.

„Já, þetta eru friðarins textar og rólyndislegir,“ segir Stefán jánkandi. „Þeir komust a.m.k. í gegnum stækkunargler Óskars og þá möskvastærð sem hann hafði girt (kímur). En að öllu gríni slepptu, þá vorum við búnir að undirbúa þetta með tilliti til þess sem fram átti að fara.“

Stefán segir að þau lög sem rötudu á diskinn séu þægileg áheyrnar, eins og svo mörg Sálarlög.

„Við storkum ekki örlögunum með þessum lögum og ætlum ekki að frelsa heiminn með þeim. Við höfum ekki verið pólitískir í textum okkar hingað til og tónlistin hefur ekkert kallað á slíkt. Lítið og melódískt þriggja mínútna popplag úr smíðju Guðmundar Jónssonar á jafnan lítinn samhljóm með texta um Framsóknarflokkinn eða Íraksstríðið. Þetta er eitthvað sem hefur ekki ratað inn í okkar tónlist, einfaldlega vegna formsins.“

Óskar tiltekur að textar Sálarinnar, alltént þeir sem völdust í verkefnið, séu jákvæðir og lögin undirstriki þá enn frekar. Stefán segir hins vegar að hann eigi erfitt með að tjá sig um þessa texta.

„Þetta bara kemur og svo fer þetta ... og svona hefur það verið í átján ár.“

En textarnir fyrir nýju lögin tvö, „Þú trúir því“ og „Handrit lífsins“, þar sem Stefán á fyrri textann en Friðrik Sturluson bassaleikari þann seinni, voru samdir sérstaklega með þetta verkefni í huga eins og lögin.

„Við vildum hafa þá ... ja kannski ekki trúarlegs eðlis en alla vega á grensunni,“ segir Stefán um textana.

„Það er hægt að sjá út úr þeim trúarlega skírskotun ef menn vilja. Við lágum lengi yfir þessu, en allt er ort undir rós. Í „Þú trúir því“ er t.d. sagt „Þú trúir því að hann sé fyrir þig“, og þessi hann getur verið Guð, eða einhver maður úti í bæ.

Tálkunin er sem sagt opin, sumir

myndu segja að það væri hræsmi af okkur að tala ekki bara beint út um Guð en okkur langaði einfaldlega ekki til að gefa okkur þessu algerlega á vald, með fullri virðingu fyrir trúfólki hvarvetna. Við dönsuðum á línunni, en það má þó segja að við höfum þó stigið aðeins í vænginn við almættið.“

Stefán segist aðspurður ekki telja félagi sína í Sálinni sérstaklega trúaða menn, en sjálfur hafi hann vissulega ávallt haldið í sína barnatrú.

Sáluhjálp

Stefán segir bæði kosti og galla að vinna temabundið, en Sálin er orðin býsna reynd í slíku.

„T.d. Sól og Mána plöturnar, þær voru bundnar í ákveðna heild-

» Við dönsuðum á línunni, en það má þó segja að við höfum þó stigið aðeins í vænginn við almættið.

arhugmynd. Það gat verið þvingandi – en það var líka leiðbeinandi. Farvegurinn var til staðar, og svo var bara að veita hugmyndunum þangað. Eins var með þessi tvö nýju lög.“

Óskar segir að Gospeltónlistin sé hægt og bítandi að sækja í sig veðrið hérlendis, en staðan sé þó allt önnur en t.d. í Noregi og Svíþjóð, en þar er mikill markaður fyrir slíka tónlist.

„Þetta er svona að koma, og það var gott að fá Sálina til hjálpar.“

Stefán rifjar nú upp að þegar lagið „Þú fullkomnar mig“ kom út á sínum tíma (2002) hafi sóknarprestur hringt í hann og Guðmund og rætt við þá um að það væri greinilegt trúartema í textanum en lagið nýtur í dag mikilla vinsælda í brúðkaupum.

„En það var samt alls ekki það sem var lagt upp með. Presturinn sagði þó að hér væri kominn fram nýr sálmur. Það var þá sem fræfi þessa verkefnis var sáð, og tók það sér bólfestu í höfðina á Gumma. Þetta hefur legið undir niðri í hans þækli lengi, hann er alltaf að pæla í nýjum hugmyndum og hvað við getum gert við tónlistina okkar.“

Upplifunin við það að koma fram

í Höllinni undir þessum formerkjum var þá mjög sérstök að mati Stefáns.

„Þetta var allt annað en maður átti von á. Alveg einstök upplifun og það rigndi yfir óskum í kjölfarið hvort ekki væri hægt að endurtaka leik. Ég held að við höfum dottið niður á mjög góða tímasetningu hvað það varðar, mér list mjög vel á að endurtaka þetta á milli jóla og nýárs, þá er mikill og skemmtilegur hátíðleiki yfir öllu og það er vel hæfandi.“

Sala á tónleikana, þann 30. desember hófst 6. desember og fer fram á midi.is
www.salinhansjonsmins.is